

Þriðjudaginn 8. september 1992.

Nr. 77/1991. **Guðmundur Pétursson**

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík.**

Kærumál. Lögtak. Fyrning. Skattar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu áfrýjaði sóknaraðili til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1991, en með stefnu 7. mars sama ár var málinu gagn-áfrýjað af hálfu varnaraðila. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrkurði verði hrundið. Jafnframt krefst hann úr hendi varnaraðila málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Atvik málsins eru rakin í hinum kærða úrskurði. Eins og þar greinir, voru slit Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. samþykkt á hlut-hafafundi 25. febrúar 1988, sem haldinn var að frumkvæði skilane-fndar í félaginu, er þá hafði lokið störfum. Samdægurs var samin tilkynning um félagsslitin til Hlutafélagaskrár, en hún birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 18. maí sama ár.

Samkvæmt 3. mgr. 93. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignar-skatt skulu framtalsskyldir lögaðilar skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí ár hvert. Hátt í þrjú mánuðir voru því eftir af skilafresti á skattframtali lögaðila 10. mars 1988, þegar lög nr. 10/1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og láns-fjármálum gengu í gildi, en þau kváðu á um, að tekjuskattur lög-aðila skyldi vera 48% af tekjuskattsstofni í stað 45%, sem áður var.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að ákvæði 3. mgr. 22. gr. laganna, er mæli fyrir um afturvirkni þeirra, fái eigi staðist, og

er í því efni vísað til 27. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Lög nr. 10/1988 voru sett á stjórnskipulegan hátt og birt sama dag og þau voru sett. Eigi eru efni til að fallast á það með sóknaraðila, að löggin séu afturvirk með þeim hætti, að í bága fari við tilvitnað ákvæði stjórnarskrárinnar eða lög nr. 64/1943.

Sóknaraðili mótmælir því sérstaklega, að um sé að ræða ábyrgð skilaneftarmanna Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. á greiðslu umræddrar skattkröfu, og færir fram þau rök gegn því í fyrsta lagi, að skattar félagsins hafi verið greiddir að fullu við slit þess, en í öðru lagi geti ekki reynt á greiðsluábyrgð skilaneftarmanna samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981, nema þeir hafi bakað sér skaðabótaábyrgð með saknæmri háttsemi við störf sín að skattalegu uppgjöri vegna félagsslitanna. Er í því efni vísað til 7. mgr. 118. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög, sbr. 54. gr. laga nr. 69/1989.

Samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila eftir framtali hans, og samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laganna skal álagningu skatta lokið eigi síðar en 30. júní ár hvert. Skilaneftnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. var í störfum sínum háð þessum lagaákvæðum og var þess ekki umkomin að sjá um útreikning á sköttum félagsins, sem væri endanlegur gagnvart varnaraðila. Bar skilaneftndinni að haga slitum félagsins í samræmi við þetta og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rétt skil á sköttum félagsins samkvæmt álagningu skatt-yfirvalda 1988. Jafnframt var samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 óheimilt að slíta félaginu, fyrr en allir skattar þess höfðu verið greiddir. Vanræksla skilaneftndar í þessu efni olli því samkvæmt lagaákvæði þessu, að skilaneftndarmenn báru ábyrgð á skattgreiðslunum. Hagar tilvitnað ákvæði í lögum nr. 32/1978, sem fjallar um skaðabótaábyrgð, ekki þeirri niðurstöðu.

Þótt skilaneftndarmenn væru þrír, fór svo, að málsókn í héraði beindist að lokum að sóknaraðila einum. Þessum hætti á málsaðild hefur ekki verið andmælt sérstaklega.

Af hálfu sóknaraðila er vakin athygli á því, að varnaraðili hafi tekið við greiðslu skatta frá skilaneftnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. 23. febrúar 1988 án þess að gera nokkurn fyrirvara um kröfu

til frekari skatta síðar. Fyllsta ástæða hafi verið til slíks, þar eð varnaraðila hafi mátt vera ljóst, að greiðsla skattanna þá væri innt af hendi á þeirri forsendu, að um endanlegt uppgjör væri að ræða. Þetta út af fyrir sig standi því í vegi, að krafa varnaraðila nái fram að ganga.

Fram til þess, að álagningu skatta 1988 var lokið, gátu skilaneftarmenn ekki treyst því, að útreikningur á sköttum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., er þeir stóðu fyrir, yrði í samræmi við álagningu skattyfirvalda. Þeir höfðu því ekki heldur gilda ástæðu til að ætla, að greiðslan, sem þeir inntu af hendi til varnaraðila, væri endanleg. Málsástæða þessi á því ekki við rök að styðjast.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst skattlagning sú, sem um er deilt í málinu, hafa verið lögmæt og skilaneftarmenn Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. ábyrgir fyrir greiðslu á lagðra skatta, eins og á stóð.

Er þá komið að því að fjalla um þá málsástæðu sóknaraðila, að lögtaksréttur hafi verið fyrndur, er krafa um lögtak hjá skilaneftarmönnum fyrir á lögðum sköttum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. 1988 var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Er þessi málsástæða reifuð í hinum áfrýjaða úrskurði. Henni er eins og öðrum málsástæðum sóknaraðila mótmælt af varnaraðila.

Af gögnum, sem varnaraðili hefur lagt fram, verður ráðið, að álagning skatta á Líftryggingamiðstöðina hf. 1988 hafi legið fyrir 14. júlí á því ári. Samkvæmt 1. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 skal tekjuskattur af öðrum tekjum en launatekjum svo og eignarskattur greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Samkvæmt 2. mgr. 110. gr. ber gjaldendum fram að álagningu að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta af sköttum næstliðins árs. Skattskuld eftir álagningu ber samkvæmt 4. mgr. 110. gr. að greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum, sem eftir eru á árinu, þegar álagning fer fram. Samkvæmt þessu voru gjalddagar eftirstöðva skatta, sem lagðir voru á Líftryggingamiðstöðina hf. 1988, 1. ágúst, 1. september, 1. október, 1. nóvember og 1. desember á því ári.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar fylgir lögtaksréttur kröfu

varnaraðila í málinu. Samkvæmt 2. gr. laganna helst sá réttur, þar til tvö ár eru liðin frá gjalddaga. Með lögum nr. 83/1947 var bætt við 2. gr. laga nr. 29/1885 svofelldu ákvæði: „Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.“

Þegar mál þetta hófst með því, að lögtakskrafa varnaraðila var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 19. nóvember 1990, voru ekki liðin full tvö ár frá síðasta gjalddaga umræddrar skuldar, 1. desember 1988. Lögtaksréttur fyrir kröfu varnaraðila er því ekki fyrndur.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Guðmundur Pétursson, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 30.000 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. febrúar 1991.

##### I.

Lögtaksmál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. þ. m. Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, krefst þess, að heimilað verði lögtak hjá varnaraðila, Guðmundi Péturssyni, kt. 060546-2909, héraðsdómslögmanni, Granaskjóli 12, Reykjavík, sem einum af skilaneftarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 540771-0149, til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum félagsins, á lögðum 1988, 88.273,00 kr., ásamt á föllnum dráttarvöxtum pr. 27. 11. 1990, 53.271,00 kr., samtals 141.544,00 kr. Jafnframt er krafist þess, að lögtakið tryggi áfallandi kostnað og dráttarvexti, reiknaða í samræmi við ákvæði 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 41. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga og III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breyting á þeim lögum. Enn fremur krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili, Guðmundur Pétursson, krefst þess, að synjað verði um umbeðið lögtað. Þá krefst hann málskostnaðar að mati réttarins.

## II.

Með beiðnum 29. 3. 1989, 28. 4. 1989 og 6. 9. 1989 fór sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, þess á leit, að gert yrði lögtað hjá Líftryggingamiðstöðinni hf. til tryggingar greiðslu opinberra gjalda félagsins gjaldárin 1988 og 1989. Beiðnin var tekin fyrir í fógetarétti 16. okt. 1989. Valdimar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, og Guðmundur Pétursson hdl. sóttu þing, og vegna rökstuddra mótmæla þeirra var lögtaðsgerðinni frestað. Föstudaginn 29. júní 1990 var síðan tekið fyrir í fógetarétti lögtaðsmálið nr. 3/1990: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Líftryggingamiðstöðinni hf. Þingað var síðan 1. okt. og 5. og 15. nóv. s. á., en þá lýstu aðilar gagnaðflun lokið. Munnlegur flutningur var ákveðinn 19. s. m. Hinn 19. nóvember féll sóknaraðili frá kröfum sínum, og með úrskurði fógeta 21. s. m. var málinu lokið. Guðmundi Péturssyni hdl. var dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Í framhaldi af þinghaldi í lögtaðsmálinu nr. 3/1990: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Líftryggingamiðstöðinni hf. 19. nóv. sl., var tekin fyrir í fógetarétti beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um að gera lögtað „hjá skilaneftarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 540771-0149, þeim Gísla Ólafssyni forstjóra, Fornuströnd 16, Seltjarnarnesi, og Guðmundi Péturssyni héraðsdómslögmanni, Kleifarvegi 10, Reykjavík, vegna félagsins til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum, á lögðum 1988, nú að eftirstöðvun 88.273,00 kr., ásamt á föllnum dráttarvöxtum pr. 19. 11. 1990, 53.271,00 kr., samtals 141.544,00 kr., auk alls kostnaðar og áfallandi dráttarvaxta”.

Guðmundur Pétursson hdl. mótmælti lögtaðsgerðinni, en kvaðst einungis sækja þing fyrir sig persónulega. Gerðinni var þá frestað. Miðvikudaginn 5. desember sl. var síðan tekið fyrir í fógetarétti lögtaðsmál þetta. Guðmundur Pétursson sótti þing fyrir sig persónulega, en enginn af hálfu Gísla Ólafssonar og Valdimars Ólafssonar. Þinghald var síðan 12. desember og 24. janúar sl., en þá lýstu sóknaraðili og Guðmundur Pétursson gagnaðflun lokið.

## III.

Í greinargerð Guðmundar Péturssonar hdl., rskj. no. 4, segir m.a.: „Á hluthafafundi í Líftryggingamiðstöðinni hf., sem haldinn var 20. ágúst 1987 og mættir voru hluthafar með 95,37% atkvæðamagn, var samþykkt að slíta félaginu og kosin skilaneftnd. Í skilaneftnd voru kosnir Gísli Ólafsson forstjóri, Guðmundur Pétursson hdl. og Valdimar Ólafsson, löggiltur

endurskoðandi. Nefndin fékk löggildingu starfans með bréfi, dags. 31. 8. 1987.

Í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga nr. 32/1978 birtist síðan innköllun vegna félagslitanna í Lögbirtingablaði nr. 111, sem út kom 23. 9. 1987. Kröfufýsingarfrestur rann því út 23. desember 1987, og kom fram ein krafa frá Gjaldheimtunni í Reykjavík vegna á lagðra skatta 1987, og var hún greidd.

Hinn 25. febrúar 1988 var svo haldinn hluthafafundur, og voru þar mættir hluthafar fyrir 95,01% hlutafjár í félaginu. Þar voru endanleg slit félagsins samþykkt, og skyldi það afmáð úr Hlutafélagaskrá, og var skilanefnd falið að sjá um greiðslur til hluthafa í samræmi við útborgunarskrá, sem lá fyrir.

Sama dag, 25. febrúar 1988, gekk skilanefnd frá tilkynningu til Hluta-félagaskrár, sem var móttækin og birt í Lögbirtingablaði, dags. 18. maí 1988.

Þá höfðu verið greiddir skattar fyrirtækisins, 1.444.144,00 kr. Valdimar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi og skilanefndarmaður, fór með endurskoðaða ársreikninga fyrir félagið vegna ársins 1987 á Skattstofuna í Reykjavík og óskaði eftir því, að skattar fyrirtækisins yrðu reiknaðir út vegna slita félagsins.

Þessari málaleitan endurskoðandans var hafnað, og fengust skattar því ekki reiknaðir út af Skattstofunni í Reykjavík. Ekki var þá um annað að ræða en endurskoðandinn reiknaði sjálfur út skattana m. v. þá álagningarprósentu, er í gildi var á þeim tíma, þ. e. 45%. Það var gert, og hljóðaði útreikningur endurskoðandans upp á 1.444.144,00 kr., og var sú fjárhæð greidd Gjaldheimtunni í Reykjavík fyrir slit félagsins.

Með lögum nr. 10 frá 4. mars 1988, sem birtust í A-deild Stjórnartíðinda, dags. 10. mars 1988, er hins vegar ákveðið skv. 13. gr. IV. kafla laganna, að tekjuskattur löggaðila skuli vera 48% af tekjuskattsstofni.

Í 3. gr. VI. kafla laganna segir, að ákvæði IV. kafla, sem áður er getið, skuli koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatt á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þessa árs.“

Með bréfum 25. ágúst og 16. ágúst 1989 kærði Endurskoðunarmiðstöðin hf. - N. Manscher vegna Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. á lagðan tekjuskatt samkvæmt gjaldheimtu- og álagningarseðli 1988 og 1989. Með bréfi 30. okt. 1989 er kæra vegna gjalda gjaldárið 1988 afgreidd af skattstjóra. Þar segir m.a.: „Gerð er sú krafa, að á lagður tekjuskattur verði tekinn til endurákvörðunar, þannig, að fjárhæð tekjuskatts verði 45% af skattstofni í stað 48%. Kærandi byggir kröfu sína á því, að félaginu hafi verið slitið 24. febrúar 1988 og við reikningsuppgjör hafi verið stuðst við þann skattstiga, sem þá hafi verið í gildi varðandi tekjur á árinu 1987, eða 45%

í tekjuskatt af skattgjaldstekjum samkvæmt lagaákvæðum, sem tóku gildi, eftir að félaginu var slitið, sé um að ræða afturvirkni skattalaga, sem ekki fá staðist.

*Úrskurður skattstjóra.*

Með lögum nr. 10 frá 4. mars 1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 er tekjuskattur lögaðila lögboðinn 48% af tekjuskattstofni skv. 13. grein IV. kafla. Í 3. mgr. 22. greinar VI. kafla segir, að ákvæði IV. kafla laganna skuli koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1988 vegna tekna á árinu 1987 og eigna í lok þess árs.

Litið er svo á, að skattstjóra beri að haga álagningu samkvæmt gildandi skattstiga gjaldársins, þegar álagning fer fram.

Með vísan til ofanritaðs er kæru synjað“.

Úrskurður skattstjóra var síðan staðfestur með vísan til forsendna hans af ríkisskattanevnd 4. okt. 1990.

IV.

Sóknaraðili heldur því fram, að rétt og löglega hafi verið staðið að álagningu á Líftryggingamiðstöðina hf. vegna gjaldársins 1988, og vísar í því sambandi til úrskurðar skattstjórans í Reykjavík frá 30. okt. 1989. Hann telur, að skattlagning sé eðli málsins samkvæmt afturvirk stjórnvaldsathöfn, og vitnar til Hrd. 1980, 1732, í því samhengi. Hann bendir á, að framtalsfrestur skv. 2. mgr. 93. laga nr. 75/1981 sé 15. mars ár hvert, og skv. 98. gr. sömu laga eigi skattstjórar að hafa lokið álagningu 30. júní ár hvert. Hann telur það ekki standast, að skattaðilar ákveði skatta sína sjálfir, þó að þeir geri það samkvæmt lögum, og raunar sé ekki unnt að greiða þá með endanlegum hætti fyrr en eftir álagningu skattstjóra.

Sóknaraðili heldur fram, að lögtaksréttur sé ekki fyrndur, þó að lögtaksbeiðnin hafi verið tekin fyrir í fógetarétti 19. nóv. sl., en þá hafi ekki verið full tvö ár liðin frá síðasta gjalddaga, skv. 2. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar nr. 29/1885 skv. 1. gr. laga nr. 83/1947. Heimild sína til að ganga að skilanevndarmönnum Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. kveðst hann byggja á 4. mgr. 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt svohljóðandi: „Óheimilt er að slíta félagi, fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið, án þess að skattar hafi verið greiddir, bera skilanevndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.“ Mælt er fyrir um lögtaksrétt í 5. mgr. sömu greinar.

Varnaraðili, Guðmundur Pétursson, ber fyrir sig fyrningu lögtaksréttar með vísan til 5. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1971 skv. 2. gr. laga nr. 29/1885.

Hann heldur því fram, að eindagi umdeilda gjalda hafi í síðasta lagi

verið 15. ágúst 1988, þar sem álagning hafi farið fram 14. júlí 1988 og ekkert hafi verið greitt upp í gjöldin. Hann mótmælir því, að 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 eigi við í þessu máli þegar af þeirri ástæðu, að skattar Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. hafi að fullu verið greiddir, þegar félaginu var slitið. Hann telur auk þess, að persónuleg ábyrgð skilaneftarmanna miðist við skaðabótaskylda athöfn eða athafnaleysi varðandi skattalegt uppgjör þess félags, sem slitið sé, en engu slíku sé til að dreifa um slit Líftryggingamiðstöðvarinnar hf.

Guðmundur heldur því fram, að þar sem lög nr. 10 frá 4. mars 1988 hafi verið samþykkt, eftir að Líftryggingamiðstöðinni hf. var slitið, geti ákvæði þeirra laga ekki komið til álita í þessu máli. Hann vísar til 27. gr. stjórnarskrár og laga nr. 64/1943 um, að 3. mgr. 22. gr. VI. kafla laga nr. 10/1988 fái ekki staðist, að því er mál þetta varði. Hann bendir á, að samkvæmt 7. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 sé ekki með öllu lokað fyrir, að skattstofur leggi á skatta samkvæmt umsókn, svo að unnt sé að ganga endanlega frá opinberum gjöldum á hvaða tíma árs, sem er, enda mæli öll verklags- og sanngirnisþjónarmið með því.

#### V.

Ekki er tölulegur ágreiningur í þessu máli.

Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins féll sóknaraðili frá kröfu um lögtak hjá Gísla Ólafssyni og Valdimar Ólafssyni skilaneftarmönnum af réttarfarsástæðum. Láðist að bóka um það í þinghaldinu 6. þ. m.

Fógeti telur, að ákvæði 5. mgr. 110. gr. laga nr. 75/1981 sé ætlað að veita aðhald um greiðslu opinberra gjalda á réttum tíma og til að auðvelda og einfalda opinbera innheimtu, en ekki til að veita þeim hagstæðari stöðu um fyrningu, sem ekkert greiða. Hann lítur því svo á, að upphaf fyrningarfrests lögtaksréttar í þessu tilviki beri að reikna frá 1. desember 1988, enda er það í samræmi við venju. Í þessu sambandi má einnig líta til þess, að kærumeðferð lauk ekki fyrr en með úrskurði ríkisskattaneftndar 4. okt. sl.

Fógeti telur, að varnaraðili, Guðmundur Pétursson beri með þátttöku sinni í skilaneftnd Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. ábyrgð samkvæmt 4. mgr. 114. gr. laga nr. 75/1981 á greiðslu umdeilda opinberra gjalda félagsins, þar sem skilaneftnd tók þá ákvörðun að bíða ekki eftir álagningu, heldur greiða í samræmi við þágildandi reglur, sem fullkomin óvissa var um, að stæðu óbreyttar, er álagning vegna tekjuársins 1987 færi fram, óhjákvæmilega með atbeina rétttra stjórnvalda. Hann fellst ekki heldur á, að ákvæði 3. mgr. 22. gr. 6. kafla laga nr. 10/1988 fái ekki staðist, að því er mál þetta varði.

Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar að kröfu sóknaraðila og á ábyrgð hans.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.  
Páll Þorsteinsson borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögtak skal ná fram að ganga eftir kröfu sóknaraðila og á hans ábyrgð. Málskostnaður fellur niður.

---